

# Greiðslur byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra

## vegna styrkja til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

Aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins greiða styrki samkvæmt afgreiðslu þjónustuhóps byggðasamlags um málefni fatlaðra. Styrkir ráðast af því fjármagni sem er til ráðstöfunar frá Jöfnunarsjóði byggðasamlagsins ár hvert.

### 1. gr.

Fjárhæð styrkja frá og með 1. janúar 2012 miðast við:

- a. *Náms- og skólagjöld*  
Greitt er að hámarki kr. 150.000 á ári en aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.
- b. *Tómstundanámskeið* skulu að hámarki styrkt um kr. 50.000 á ári en þó aldrei meira en 50% af útlögðum kostnaði.
- c. *Tölvukaup*  
Greitt er að hámarki kr. 120.000 en þó aldrei hærra en 75% af útlögðum kostnaði.
- d. *Verkfæra og tækjakaup*  
Hámark kr. 300.000 en aldrei meira en sem nemur 75% af útlögðum kostnaði.

### 2. gr.

Greiðslur þessar eru samþykktar af stjórn byggðasamlagsins, með vísan til 7. gr. í reglum byggðasamlagsins um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks, og gildir frá og með 1. janúar 2012.

Skagafirði, 11. janúar 2013.

**Jón Óskar Pétursson,**  
framkvæmdastjóri SSNV

*Jón Óskar Pétursson*